

REGLUGERÐ

um (6.) breytingu á reglugerð nr. 963/2019, um veiðar með dragnót við Ísland.

1. gr.

2. mgr. 27. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. eru veiðar með dragnót heimilar á eftirfarandi svæðum og tímum:

A. Frá og með 1. mars til og með 31. október að línu í einnar sjómílu fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins á svæði milli 16°34'V og 15°45'V.

B. Allt árið á svæði milli 63°48,0'N - 22°41,9'V og 63°51,3'N - 16°34,0'V.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 5., 6. og 14. gr. laga nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Matvælaráðuneytinu, 4. desember 2023.

Svandís Svavarsdóttir.

Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.